



Lifðu, lifðu til fulls, lifðu hjartans leið



Ársskýrsla 2021

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn	3
Fjármögnun- Þjónustusamningur við Virk.....	3
Starfsmannahald	5
<i>Aðstaða</i>	5
<i>Starfsmannahald.....</i>	5
<i>Endurmenntun starfsfólks.....</i>	6
Samstarf/ samstarfsaðilar	6
<i>Samstarf.....</i>	6
<i>Samstarf starfsendurhæfingastöðva</i>	7
Starfsemin	7
<i>Þjónustuúrræðin/ Þjónustuleiðir.....</i>	7
<i>Þjónustuleiðir</i>	8
<i>Tilvísanir árið 2021.....</i>	8
StarfA í tölum	9
<i>Heildarfjöldi þátttakanda starfsárið 2021</i>	9
<i>Aldursdreifing þátttakanda.....</i>	9
<i>Menntun.....</i>	10
<i>Atvinnusaga</i>	10
<i>Ástæða tilvísunnar</i>	11
<i>Hve lengi frá vinnu við komu.....</i>	12
<i>Framfærsla þátttakanda við upphaf endurhæfingar.....</i>	13
<i>Staða þátttakanda í lok árs 2021.....</i>	14
Lokaorð	15

Inngangur

Árskýrsla Starfsendurhæfingar Austurlands (StarfA) varpar ljósi á þá starfsemi sem fram hefur farið árið 2021. Farið verður yfir fjármögnun og starfsemina í heild sinni.

Helstu áherslur og markmið ársins 2022.

Starfsendurhæfing Austurlands var formlega stofnuð 4. nóvember 2007 af 18 stofnaðilum á Austurlandi, þ.e. AFLi starfsgreinafélagi, Framhaldsskólanum í Austur Skaftafellssýslu, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Suðausturlands, í dag heilbrigðisstofnun Suðurlands, Menntaskólanum á Egilsstöðum, Samtökum sveitafélaga á Austurlandi, Verkmenntaskóla Austurlands, Verslunarmannafélagi Austurlands, Vinnumálastofnun Austurlands, Þekkingarneti Austurlands, Þróunarfélagi Austurlands sem hefur sameinast í Austurbrú, Stapa lífeyrissjóði og sveitarfélögunum Djúpavogshreppi, Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði, Hornafirði, Seyðisfjarðarkaupstaður og Vopnafjarðarhrepp.

Breytingar hafa átt sér stað við sameiningu sveitafélaga. Djúpvogur og Fljótsdalshérað sameinast ásamt Borgarfirði eystri og Seyðisfirði og heitir sameinað sveitafélag Múlaping.

Stjórn

Haldnir voru 6 stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar. Stjórn StarfA var eftirfarandi eftir ársfund 2021. Stjórn skipti með sér verkum á sínum fyrsta fundi

Anna Alexandersdóttir f.h Múlapingis, formaður.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afl Starfsgreinafélag, varaformaður.

Guðrún Á Jónsdóttir f.h. Austurbrúar, ritari.

Laufey Þórðardóttir, Fjarðabyggð, meðstjórnandi

Þóra Elín Einarsdóttir, HSA meðstjórnandi.

Varamenn

Óskar Sturlusson fh. Fjarðabyggðar

Einar Már Sigurðsson f.h. SSA

Sigurður Hólm Freysson f.h. AFLS starfsgreinafélags

Skúli Ingibergur Þórarinsson f.h. Sveitafélagið Hornafjörður

Júlía Sæmundsdóttir f.h. Múlapingis

Félagslega skipaðir skoðunarmenn, tilnefndir af stofnaðilum; Gunnlaugur Sverrisson frá Fjarðarbyggð og Stefán Þór Hauksson frá Vinnumálastofnun.

Fjármögnun- Þjónustusamningur við Virk

Starfsemin var nær eingöngu fjármögnuð af Virk Starfsendurhæfingasjóð. Þjónustusamningur milli Virk og starfsendurhæfingastöðva var endurnýjaður í júní og gildir til 31. Maí 2024. Samningurinn er uppsegjanlegur af beggja hálfu með átta mánaða fyrirvara á samningstímanum.

Greiðslur voru fyrir einstaklingsmiðaða þjónustu samkvæmt beiðnum og þjónustusamning.

Verð fyrir heildstæð endurhæfingarúrræði, mat á stöðu einstaklings og einstaklingsmiðuð endurhæfing var breytt í eitt verð við endurnýjun samnings í stað tveggja áður, en að öðru leyti engar verðhækkningar á þjónustuúrræðum. Verð taka breytingum í samræmi við almennar launahækkningar sem verða á kjarasamningum á almennum vinnumarkaði sem eru áætlaðar í janúar 2022 um 3% og 2. Apríl um 1,5 %.

Samningurinn felur í sér heildstæða þjónustu, þróun og uppbyggingu úrræða á Austurlandi. Miðað er við að fjárhæðin dugi fyrir stöðugildi forstöðumanns auk húsaleigu þannig að starfsemin geti verið til staðar á Austurlandi.

Þjónustusala ber að senda Virk árlegan endurskoðaðan ársreikning um starfsemina með upplýsingum um tekjur og rekstrarkostnað.

Heildar tekjur frá Virk Starfsendurhæfingarsjóði námu alls 23.543.354 sem er mikil lækkun frá árinu á undan, en þá námu tekjurnar 37.485.489. Lækkunin felst í greiðslum fyrir einstaklingsþjónustu sem námu aðeins 10.621.586 á árinu í samanburði við greiðslur uppá 24.940.080 árið 2020. Meira en helmingslækkun. Skýringar eru þær að mikil fækkun átti sér stað á pöntunum um einstaklingsþjónustu í heildarúrræði til Starfsendurhæfingar Austurlands árið 2021. Greiðslur vegna þjónustusamnings við Virk námu 12.921.768 kr.

Greiðslur frá VMST. námu alls 1.650.000.

Samstarf við Austurbrú vegna námsleiða, stökkpallur og myndlistasmiðja voru 2.887.200.

Húsaleiga vegna útleigu aðstöðu Sókn lögmannsskrifstofu 526.236 kr

Tekjur voru samtals 28.606.790 kr sem er mikil skerðing frá árinu á undan, en þá námu tekjurnar 40.186.688 kr. Árið þar á undan, 2019 voru heildar rekstrartekjur 46.337.117 kr. og hafa því farið lækkandi.

Frá árinu 2013 hefur Starfsendurhæfingin verið sjálfbær og skilað hagnaði, þ.e. getað átt borð fyrir báru til að geta tekist á við sveiflur í starfseminni, þegar það eru færri einstaklingar í þjónustu. Eins hafa komið ár þar sem akstur fagfólks vegna aðkeyptrar þjónustu innan fjórðungsins getur verið töluverður.

Tekjur sl. 2 ár gefa til kynna að töluverðar miklar sveiflur eru í starfseminni frá ári til árs og sl. ár var rekstrartap uppá -7.808.111 kr.

Ástæða fækkunar einstaklinga í þjónustu er vegna tilkomu geðheilsuteymis innan Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Þá fjölgaði beiðnum þangað og mun færri bærust til Virk og Starfsendurhæfingar Austurlands í kjölfarið.

Á vordögum var fækkunin verulegt áhyggjuefni sem hafði áhrif á rekstrarstöðu og hópeflismátt StarfA. Þá var haft samband við framkvæmdastjóra Virk og hún upplýst um stöðuna. Það var brugðist skjótt við og fundað í júní með geðheilsuteymi og Virk ráðgjöfum. Verulegur biðlisti var hjá geðheilsuteyminu og læknar virtust vísa flestum málum beint þangað. Ljóst er að það er heldur ekki góð staða fyrir einstaklingana sjálfa og getur aukið vanlíðan þeirra ennfrekar að vera á bið eftir þjónustu. Niðurstaðan var að geðheilsuteymið færi betur yfir tilvísanir og greiddu úr þeim, hverjir ættu heima hvar. Staðan var tekin á ný í ágúst og komið á fót samstarfsverkefni milli geðheilsuteymisins og Virk þar sem teymið gat vísað einstaklingum beint til Virk í þjónustu. Haldnir voru reglulegir fundir með geðheilsuteyminu og Virk ráðgjöfum. Í október hafði fækkað töluvert á biðlista hjá geðheilsuteyminu og skilað sér til Virk en ekki til StarfA. StarfA þarf lágmark 18-20 einstaklinga í heildarúrræði til að halda starfseminni fjarhagslega gangandi.

Það kom í ljós að markhópurinn hjá Virk hafði breyst, hópur sem hafði meira þörf fyrir stök úrræði í stað heildarúrræðis. Einstaklingar sem voru í tengslum við vinnumarkaðinn og voru frekar að nýta sér fjarnámskeið. Í október og nóvember var enn á ný haft samband við Virk og haldinn fundur með Virk ráðgjöfum til að leyta lausna. Búin voru til nokkur ný stök úrræði til að mæta þörfum einstaklinga í þjónustu Virk, staðarúrræði sem voru samþykkt hjá Virk og boðið var uppá í byrjun árs 2022.

Mikilvægt er að geta boðið uppá bæði fjar- og staðar úrræði. Þarfir og aðstæður einstaklinga eru misjafnar, ákveðið jafnvægi þarf að ríkja í þeim efnum. Reynsla StarfA er að ákveðin þreyta er komin hjá ákveðnum hóp á endalausum fjarúrræðum, einstaklingar sem hafa þörf fyrir að rjúfa félagslega einangrun og á jafningjastuðning að halda. Eins var haldinn fundur með atvinnulífstengli hjá Virk og farið yfir möguleika á að þróa atvinnutengingar og þátttöku úrræði sem stakt úrræði enn frekar hjá StarfA.

Stöku úrræðin sem boðið var upp á voru kyrrð og kraftur í faðmi náttúrunnar, lifðu betur (sátt, samkennd í eigin garð og núvitund) og yoga, núvitund, hugleiðsla og yoga, streitustjórnun, jafnvægi og yoga og fleiri eru í þróun fyrir haustið 2022.

Stofnun geðheilsuteymis ber að fagna, gríðarlega mikilvægur liður í að efla þjónustustigið og koma til móts við þarfir einstaklinga í nærsamfélaginu, snemmtæk íhlutun, sem eru að glíma við geðrænar áskoranir.

Starfsmannahald

Aðstaða

Leigusamningur við Heimir Sveinsson um leigu húsnæðis í Miðvangi 1-3 2.h.til 3ja ára er til 1.júní 2024. StarfA gerði ótímabundinn samning við Vísindagarðinn í júní um leigu á smiðaverkstæði í eigu Múlþings. Jacqueline M Guðgeirsson hefur lagt til leirverkstæði sitt.

Leigusamningur var gerður við Heilsuleiðir, Lonneke H w Gastel á rými í Miðangi 1-3 til 1 árs. Gerður var áframhaldandi leigusamningur við Fjarðabyggð, félags eldri borgara í Melgerði á Reyðarfirði.

Sókn sagði upp leigusamning í skrifstofuaðstöðu í Búðareyri 1/ námsver ehf. (Molanum), í Fjarðarbyggð þarsem StarfA er með skrifstofuaðstöðu í nóv. og greiddi 3ja mánaða uppsagnafrest út febrúar 2022. StarfA sagði upp húsaleigunni hjá Námsver ehf. í framhaldi vegna hagræðingar í starfseminni.

Starfsmannahald

Tveir fastir starfsmenn í 1.5 % stöðugildi. Íris Lind Sævarsdóttir frá Janúar til júní loka og Linda E Pehrsson. Nýr starfsmaður ráðinn frá ágúst í 50% stöðu, Rósa Dröfn Pálsdóttir í stað Írisar Lindar Sævarsdóttir sem fór í sjálfstæðan rekstur.

Gerðir voru verkstakasamningar við 15 verktaka/leiðbeinendur fyrir StarfA á árinu á Egilsstöðum og í Fjarðarbyggð. Ýmsir fagaðilar, s.s. iðjuþjálfar, félagsráðgjafar, hjúkrunarfræðingar, fjölskylduráðgjafar, markþjálfar, næringarráðgjafar, sálfræðingar, lýðheilsufræðingar, náms- og starfsráðgjafar, fjármálaráðgjafar, markþjálfar, matráðar og handverksfólk. Þess utan var StarfA í samstarfi við sálfræðinga Kvíðameðferðastöðvarinnar, áfalla og sálfræðimistöðvarinnar í Kópavogi, Metis sálfræðistofu og Krossgatan. Við sjúkráþjálfu hjá Heilbrigðisstofnun Austurland, Heilsuhreysti á Reyðarfirði og Heilsuleiðir á Egilsstöðum.

Starfsemin fór að mestu fram á Egilsstöðum en var í Fjarðabyggð fimm mánuði ársins, 1 dag í viku á Reyðarfirði. Einstaklingsþjónusta s.s. sjúkráþjálfun var einnig í Fjarðabyggð og sálfræðiþjónusta/fjarviðtöl í boði í fjarfundabúnaði. Fjarfundabúnaður var nýttur eftir aðstæðum og aðgerðum

stjórnvalda hverju sinni vegna Covid-19. Lögð var áhersla á að bjóða upp á daglega fjölbreytta starfsemi á staðnum innan sem utandyra.

Endurmenntun starfsfólks

Einn starfsmaður hélt áfram í hlutanámi í Fjallamennskunámi frá Framhaldsskólanum á Höfn sem er liður í undibúningi fyrir náttúru meðferðar úrræði hjá StarfA.

Samstarf/ samstarfsaðilar

Fræðsludagur Virk og starfsendurhæfingastöðva var haldinn í byrjun nóvember hjá Virk í Reykjavík.

StarfA hefur verið í ánægjulegu og gefandi samstarfi við fjölda verktaka og stofnana á Austurlandi, á Akureyri og í Reykjavík. Má þar nefna Heilbrigðisstofnun Austurlands, Austurbrú ses og félagsþjónustu sveitarfélaga og Austurnet. Starfsmenn Vinnumálastofnunar Austurlands. Við atvinnurekendur á Austurlandi vegna vinnuprófunar og vinnusamninga. Það er ómetanlegt að atvinnulífið veiti þátttakendum tækifæri til að máta sig í ýmis störf og tengjast vinnumarkaði á ný. Við erum lítið samfélag, hver og einn einstaklingur skiptir máli. MT Bókhalld, endurskoðendur og Austur 101. Við Kvíðameðferðarstöðina, áfalla- og sálfræðimiðstöð Kópavogs, Metis sálfræðiþjónusta, Krossgatan, Heilsuleiðir og Heilsuhreysti.

Gott samstarfs hefur verið við Tryggingastofnun ríkisins eins og undanfarin ár.

Auk þess hefur StarfA átt mjög gott samstarf við

starfsendurhæfingastöðvar sem og Virk starfsendurhæfingarsjóð og ráðgjafa stéttarfélag á svæðinu.

Samstarf

StarfA er í samstarfi við Austurbrú ses., vegna námsleiða fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Annars vegar Stökkpalls sem er 180 klukkustunda nám á 1. þrepi hæfniramma um íslenska menntun, sem mögulegt er að meta til 10 framhaldsskólaeininga. Námið er ætlað þeim sem horfið hafa frá námi og/eða eru án atvinnu. Markmið námsins er að auka starfshæfni námsmanna og gera þá meðvitaðri um eigin styrkleika.

Auk annarra námskeiða s.s. líf og heilsa- lífstílsþjálfun, menntastöðir ofl.

Samstarfssamningur við Vinnumálastofnun Austurlands var til til 31.12.2021 og er enn, en þarfnast endurskoðunar. Áhugi er á áframhaldandi samstarfi af hálfu StarfA. Það er í ferli.

Samningur þessi tekur til verkefnisins „ markviss atvinnuleit“. Markmið samnings er að veita Atvinnuleitendum tækifæri til þátttöku í ýmiskonar virkniúrræðum, sbr. 10 gr. reglugerðar nr. 12/2009. Efla þau í atvinnuleitinni, auka þekkingu þeirra á vinnumarkaðinum, styðja þau, hvetja og auka starfshæfni viðkomandi. Með þessum hætti er leitast við að sporna gegn erfiðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðingum sem oft fylgja langvarandi atvinnuleysi.

Áhugi og þörf er á áframhaldandi samstarfi við HSA s.s. er varðar verkjaskóla og þjónustu annarra fagaðila s.s. lögþjálfara, sjúkráðgjafara, sálfræðinga ofl.

Samstarf er við Krabbameinsfélag Íslands. Ráðgjafi frá Krabbameinsfélagi Íslands kom 1 x í mánuði og eftir þörfum og fékk aðstöðu í StarfA til að þjónusta einstaklinga sem glíma við Krabbamein, með fræðslu, slökun ofl. Áhugi er á að efla samstarfið með kaup á námskeiðum gegn greiðslu.

StarfA hélt fræðsluerindi um Starfsemin fyrir Kvenfélagið Bláklukku.

Samstarf starfsendurhæfingastöðva

Aðalfundur og vorfundur samtaka starfsendurhæfingastöðva Byr var haldin í maí hjá Samvinnu í Keflavík. Gestafyrirlesari Ingrid Kuhlmann fjallaði um stjórnun á krefjandi tímum.

Forstöðumenn starfsendurhæfingastöðva hafa fundað reglulega á árinu, m.a. vegna Covid-19 og vinnslu persónuupplýsinga, vinnsluskra og áhuga á sameiginlegum persónuverndarfulltrúa fyrir stöðvarnar.

Nokkrir forstöðumenn funduðu með Virk í aðdraganda samninga í apríl og fóru yfir samstarfið, hvað var gott og hvað mætti betur fara. Í kjölfarið fundaði Virk með hverri og einni stöð.

Starfsemin

Covid -19 hélt áfram að hafa áhrif á starfsemi ársins og tók mið af ráðleggingum Sóttvarnalækni og stjórnvalda m.t.t. sóttvarna, samkomubanns og fjöldatakmarkanna. Stöðug aðlögun á starfseminni sem reyndi á leiðbeinendum og þátttakendum.

Vegna fárra þátttakanda var mögulegt að halda uppi daglegri dagskrá að mestu leyti og notkun fjarfunda búnaðar nýttur. Covid- 19 kom mest niður á vinnuþrófunarferlum, þar sem atvinnurekendur treystu sér ekki til að taka á móti þátttakendum.

Komið var til móts við þarfir þátttakanda og lögð meiri áhersla á tíðari viðtöl, eftifylgni og utanumhald. Brjóta upp starfið, farið í vorferð, haldin jólastund og lögð áhersla á hópefli og gleði. Þátttakendur settu sér virkni og gleði markmið fyrir sumarið.

Tekin var í notkun ný vinnuaðstaða fyrir nýjan starfsmann og viðtalsherbergi. Útbúin var betri aðstaða fyrir yoga, slökun til náttúru meðferðar ofl.

Þjónustuúrræðin/ Þjónustuleiðir

StarfA býður upp á heildstæða þjónustu sem inniheldur hóp og einstaklingsúrræði.

➤ Sjúkraþjálfun, sálfræðiþjónusta, náms- og starfsráðgjöf, fjölskylduráðgjöf, næringarráðgjöf, fjármálaráðgjöf, iðjuþjálfun og markþjálfun.

Þjónustuúrræðin eru fjölbreytt og í sífelldri endurskoðun og þróun. Þau taka meðal annars mið af þörfum, áhugasviði og aldri þátttakanda hverju sinni. Þátttakendur geta haft áhrif á þá þjónustu sem það fær. Í boði er ýmis einstaklingsúrræði, heildræn- og einstaklingsmiðuð endurhæfing í hóp.

➤ Fjölbreytt heilsuefning innan sem utan dyra. Hreyfing í formi göngu, útivistarhóps, þrek og styrks, yoga og slökun. Lögð er áhersla á að kynna fjölbreytta hreyfingu svo hver og einn finni sér hreyfingu við hæfi og hafi gaman af.

➤ Sjálfsefning í formi fjölbreyttra uppbyggjandi námskeiða. Sjálfstyrking, Ham námskeið, góð samskipti, streita og bjargráð, lifðu betur- sátt og samkennd í eigin garð, skipulagt kaos, sterk í mótlæti/ að efla seiglu, iðja- heilsa og vellíðan, félagsfærni og sjálfstjórn, vöxtur í kjölfar sálrænna áfalla, vinnuvistfræðin/ líkamsbeiting og vinnuvernd, félagslegir og andlegir þættir á vinnustað, vinnugleði og starfsánægja, efla færni til atvinnuþátttöku, réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Hópefli, þar sem þátttakendur koma með hugmyndir að iðju þar sem markmiðið er að fara út fyrir þægindarammann, takast á við nýjar áskoranir og ögra sjálfum sér. Þannig vöxum við, öðlumst sjálfstraust og eignumst áhugamál. Lífið er bara svo miklu skemmtilegra þannig.

➤ Smiðja- næra, njóta og virkni. Efla færni og virka þátttöku, tækifæri til að kynnast og fá áhuga á

nýrri iðju. Iðju sem nærir og veitir ánægju og gleði. Hefur gildi og tilgang. Eykur trú á eigin getu. Tækifæri til að "hlaða batterín", leiða hugann að öðru, gleyma stund og stað, vera í núinu og njóta. Vinna með jafnvægi í daglegu lífi.

Í smiðju er tækifæri til að vinna með félagslega færni í hóp, tilheyra hóp, efla sig í samskiptum og rjúfa félagslega einangrun. Koma skipulagi á daglegt líf. Gefa af sér til samfélagsins og hafa tilgang. Eins efla verklega færni.

Þjónustuleiðir

Boðið er uppá heildstæð endurhæfingarúrræði í formi

I. Mat á stöðu einstaklings þar sem um er að ræða þjónustu 2-3 mánuði. Þjónustan hefur það að markmiði að meta raunhæfi þess að hefja markvissa endurhæfingu. Þátttaka einstaklings telst fullnægjandi ef honum tekst að mæta og taka virkan þátt í þjónustu sem nemur 12-15 tímum á viku.

II. Einstaklingsmiðuð þverfagleg starfsendurhæfing, þjónustan nemur að lágmarki 15-20 tímum á viku og inniheldur bæði einstaklingsmiðaða þjónustu og hópúrræði í samræmi við niðurstöður úr matsferli Virk. Getur falið í sér vinnuprófun sem nemur 8-12 vikur á vinnustað og atvinnutengingu.

III. Atvinnutenging og atvinnuþátttaka, undirbúningur og fræðsla. Efla færni til atvinnuþátttöku s.s. gerð ferilsskrár, kynningarbréfs og markvissa atvinnuleit. Getur falið í sér vinnuprófun/ vinnusamning og einstaklingsúrræði s.s. náms- og starfsráðgjöf.

IV. Eftirfylgd. Stuðningur, ráðgjöf og eftirfylgd með atvinnuþátttöku, vinnusamning, námi 1-2 mánuðir.

V. Stök úrræði s.s. sjálfstyrking/ sjálfsefning, meiri færni til atvinnuþátttöku, verkjaskóli, fjármálanámskeið, heilsuefning og smiðja-næra, njóta og virkni.

Pantanir frá Virk skal innihalda að jafnaði 6 mánuði í einu. Þegar um er að ræða mat á stöðu þá er um að ræða þöntun sem nemur 2-3 mánuðum.

Hámarkstími þjónustu við hvern einstakling skal vera 12 mánuðir frá því honum er vísað til þjónustusala samkv. beiðni frá Virk. Að þeim tíma liðnum skal starfsendurhæfingapörf ætíð endurmetin af ráðgj. og sérfr. Virk út frá niðurstöðum matsferli og tekin ákvörðun um framhald. Heimilt er að gera undanþágu frá þessum hámarkstíma í þjónustu samkv. niðurstöðu úr matsferli Virk.

Hjá StarfA er boðið er uppá snemmtæka íhlutun og því engir biðlistar eftir þjónustu og einstaklingsmiðaða þjónustu í hóp. Umfang endurhæfingar hvers þátttakanda er einstaklingsmiðað.

Þjónustukönnun

Unnið hefur verið í að meta gæti og árangur þjónustu StarfA. Lagt er námsmat fyrir þátttakendur í lok námskeiðs/úrræðis.

Niðurstöður eru nýttar til að bæta þjónustu og koma betur til móts við þarfir þátttakanda. Stöðug endurskoðun/aðlögun þjónustuúrræða í samræmi við þarfir, væntingar og upplifunar þátttakanda hverju sinni er vænlegra til árangurs. Verið er að vinna að framkvæmd reglulegrar þjónustumælingar á þjónustugæði með þjónustukönnun starfsendurhæfingar. Rafræn þjónustukönnun hefur verið aðgengileg þátttakendum. Lögð er fyrir könnun í upphaf og lok þjónustu um heilsutengd lífsgæði.

Tilvísanir árið 2021

Virk starfsendurhæfingasjóður, Vinnumálastofnun Austurlands og

Félagsþjónusta sveitfélaga geta vísað í þjónustu.
Engar tilvísanir bárust frá Félagsþjónustu sveitafélaga á Austurlandi.

Starfa í tölum

Heildarfjöldi þátttakanda starfsárið 2021

Í heildina voru 36 einstaklingar frá Virk og VMST í þjónustu. Til samanburðar voru 45 einstaklingar árið 2020 og 68 einstaklingar árið 2019. Fækkun um 9 einstaklinga árið 2021 og hefur farið fækkandi sl. 2 ár.

Þjónustukaup	Fjöldi einstakl. Heildarúrræði 2021 /2020	Í stakt úrræði 2021 /2020	Fjarða-byggð/ Seyðisfj. 2021/ 2020	Fljótsdalsh.og nágreni 2021/ 2020	Kk	Kvk.
Virk starfsendurhæfingasjóður	18/31	12/ 5	14/ 18	16/ 18	10/ 7	20/ 29
Vinumálastofnun virknisamningur		6/ 9	3/ 6	3/ 3	0/ 4	6/ 5
Samtals	18 / 31	18/ 14	17/ 24	19/ 21	10 / 11	26/ 34

Á vegum Virk Starfsendurhæfingasjóðs voru 30 einstaklingar. Í heildarúrræði voru 18 einstaklingar og í stöku úrræðum voru 12 einstaklingar.

Á árinu komu aðeins 5 nýjir þátttakendur í heildarúrræði og 11 í einstaklingsúrræði.

Á árinu á undan 2020 voru 31 einstaklingar í heildarúrræði. Fækkun uppá 13 einstaklinga. Það fjölgaði þátttakendum í stök úrræði, 12 einstaklingar í stað 5 árið 2020.

Frá Vmst. voru 6 atvinnuleytendur í þjónustu til samanburðar við 9 árið 2020.


Í heildar-og stökum úrræðum á vegum Virk sóttu 16 einstaklingar frá Fljótsdalshéraði og nágreni starfsendurhæfingu og 14 frá Fjarðarbyggð og Seyðisfirði.

Flestir sem sóttu stök úrræði voru frá Fjarðabyggð og Seyðisfirði.

Frá Vinnumálastofnunun tóku 6 einstaklingar þátt á grundvelli virknisamnings. Það voru 3 frá


Fljótsdalshéraði og 2 frá Fjarðabyggð og 1 frá Vopnafirði.

Aldursdreifing þátttakanda




Flestir þátttakendur í heildarúrræði frá Virk starfsendurhæfingasjóð 18-40 ára eru karlar það er breyting frá sl. ári þar sem flestir þátttakendur voru á aldrinum 18-30 ára og konur í meirihluta. Meðalaldur kvenna var 39 ár og karla 33 ár. Meðalaldur þátttakanda var 31 ár og hafði farið lækandi sl. ár en hefur nú hækkað.

Menntun




Flestir þátttakendur eru með grunnskólamenntun, en einnig þátttakendur sem hafa lokið lengra námi.


Atvinnusaga



Ástæða tilvísunar




Af þeim 18 þátttakendum sem voru í heildarúrræði á vegum Virk starfsendurhæfingarsjóðs voru jafnmargir með annars vegar fjölpættan geðrænan vanda og hinsvegar fjölpættan geð- og Stoðkerfisvanda. Fleiri konur voru með fjölpættan geð og stoðkerfisvanda en fleiri karlar með fjölpættan geðrænan vanda.




Hér sjáum við að þunglyndi, kvíði og verkir eru helsta ástæða tilvísunar. Fleiri konur að glíma við verki, þunglyndi og kvíði frekar jafn hjá báðum kynjum.

Hve lengi frá vinnu við komu




Lengd frá vinnumarkaði við komu í starfsendurhæfingu hjá StarfA. Flestir þátttakendur verið 7-12 mánuði frá vinnu við komu í starfsendurhæfingu og fleiri konur. Einnig hluti sem hefur verið 6 mánuði og skemur og þar eru fleiri karlar.




Hér sjáum við að náms-og starfsráðgjöf hefur aukist og eins næringarráðgjöf. Sálfræðiþjónusta er í takt við ástæðu tilvísanna, en fleiri karlar en konur nýta sér þjónustuna. Eins eru flestir í bæði sjúkra- og sálfræðiþjónustu, þó fleiri konur sem rímar vel við að flestir eru með samþættan vanda, geð- og stoðkerfi.

Framfærsla þátttakanda við upphaf endurhæfingar



Flestir þátttakendur fara á endurhæfingalífeyrir við komu og á endurhæfingartímanum. Hafa lokið rétti sínum hjá atvinnurekanda og sjúkrasjóði stéttafélaga.

Staða þátttakanda í lok árs 2020



Af þeim 18 þátttakendum sem voru í heildarúrræði á vegum Virk eru 10 enn í þjónustu í lok árs. 1 fór í 100% starf, 2 í hlutastarf, 1 fór í fæðingarorlof, 1 vísað í geðheilsuteymið, 1 flutti og hélt áfram í námi og í atvinnutenginu hjá Virk, 1 fór á örorku og 1 vísað í heilbrigðiskerfið.

Lokaorð

Þá hefur 14. ársskýrslan litið dagsins ljós. Árið 2021 var með óvenulegasta móti. Bæði hélt Covid-19 áfram að hafa áhrif á starfsemina en þó í minna mæli en árið á undan þar sem veruleg fækkun var á nýjum þátttakendum í þjónustu. Það gerði okkur mögulegt að halda uppi daglegri starfsemi og þjónustu. Það sem einkenndi þó árið var fækkun á þátttakendum. Fáar pantanir bárust frá Virk Starfsendurhæfningsjóði.

Í byrjun árs 2021 hófu 15 þátttakendur á vegum Virk þjónustu, það komu inn 5 nýjar pantanir um heildar þjónustu allt árið. Í stök úrræði komu 11 einstaklingar á árinu.

Haustið 2021 hófu 7 þátttakendur heildarþjónustu. Fækkunin fól í sér ýmsar áskoranir og álag í starfi s.s. af rekstrarlegum toga að halda hópeflismættinum lifandi og starfsánægjunni.

Fækkun á þátttakendum má að miklu leiti rekja til stofnunar geðheilsuteymis heilbrigðistofnunar Austurlands (HSA), þar sem mun fleiri beiðnir bárust þangað en til Virk og biðlisti orðinn töluverður um mitt ár. Góð samvinna hefur ríkt á milli Virk, HSA og StarfA með að greiða úr “hver ætti heima hvar” í kerfinu og komið á samstarsverkefni milli HSA og Virk þar sem geðheilsuteymið getur vísað beint til Virk. Ekki voru þó pantanir að skila sér til StarfA. Í samstarfi við Virk ráðgjafa kom í ljós að markhópurinn hafði breyst og meiri þörf var á stökum úrræðum þar sem einstaklingarnir voru m.a. með tengsl við vinnumarkaðinn. Reynt var að koma til móts við þarfir einstaklinga hjá Virk með stök úrræði í lok árs 2021 og byrjun árs 2022. Stöðug endurskoðun og aðlögun þjónustuúrræða í samræmi við þarfir, væntingar og upplifunar þátttakanda er mikilvæg í starfsemi sem þessari með lífsgæði einstaklings, atvinnuþátttöku og árangur í huga. Mikilvægt er að geta boðið uppá bæði fjar- og staðar úrræði. Þarfir og aðstæður einstaklinga eru misjafnar, ákveðið jafnvægi þarf að ríkja í þeim efnum.

Reynsla StarfA er að ákveðin þreyta er komin hjá ákveðnum hóp á fjarúrræðum, einstaklingar sem hafa þörf fyrir jafningjastuðning, að hitta fólk í sömu sporum og rjúfa félagslega einangrun.

Eins var haldinn fundur með atvinnulífstengli hjá Virk og farið yfir

möguleika á að þróa atvinnutengingar og þátttöku úrræði sem stakt úrræði enn frekar hjá StarfA.

Stofnun geðheilsuteymis ber að fagna, gríðarlega mikilvægur liður í að efla þjónustustigið og koma til móts við þarfir einstaklinga í nærsamfélaginu sem eru að glíma við geðrænar áskoranir.

Enn og aftur leiðir ársuppgjör í ljós hversu sveiflukennd starfsemin er þegar kemur að fjölda þátttakanda í þjónustu.

Á vegum Virk Starfsendurhæfningsjóðs voru 30 einstaklingar í þjónustu árið 2021. Í heildarúrræði voru 18 einstaklingar og í stöku úrræðum voru 12 einstaklingar.

Á árinu komu aðeins 5 nýjir þátttakendur í heildarúrræði og 11 í einstaklingsúrræði.

Á árinu á undan 2020 voru 31 einstaklingar í heildarúrræði. Fækkun uppá 13 einstaklinga.

Það fjölgaði þátttakendum í stök úrræði, 12 einstaklingar í stað 5 árið 2020.

Frá Vmst. voru 6 atvinnuleytendur í þjónustu til samanburðar við 9 árið 2020.


Helstu áherslur og markmið StarfA næsta ár er að efla samráð og samstarf við stofnanir í samfélaginu sem koma að endurhæfingu og virkni fólks, að gera gott enn betra. Að tryggja betur rekstrargrundvöll Starfs endurhæfingar á Austurlandi.

Að við vinnum öll saman að settu marki, að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur, í endurhæfingu, við nám og við endurkomu á vinnumarkað. Það er samfélagslegur ávinningur allra og eykur lífsgæði þeirra sem í samfélaginu búa.

Eins er áhugi á að efla samstarf við Rauða Kross Íslands, (RKÍ).

StarfA mun leggja áherslu á að efla náttúrutengda endurhæfingu og bjóða uppá náttúrumarkþjálfunar viðtöl.

Enn og aftur hlakkar okkur til næsta starfsárs með nýjum áskorunum og tækifærum. Að starfa áfram með

góðu fólki sem kemur að starfinu og öðrum samstarfsaðilum
Án þeirra væri ekki StarfA .

Egilsstaðir 30. Maí 2022

Linda E. Pehrsson
Framkvæmdastjóri
Starfsendurhæfingar Austurlands.

